# Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

## GÆÐAKRÖFUR 2020

Síðasta breyting sem gerð var á opinberum kröfum um gæði hrámjólkur tók gildi 1. janúar 2017.

Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðaþátta 2020 koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu:

| Gæðaþáttur | Rannsóknartíðni | Flokkar | Mörk | Umbun og skerðing í % af lágmarksverði |
|---|---|---|---|---|
| **Frumutala**<br>1.000 frumur/ml | Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar [1] | 1A<br>1<br>2<br>3 | <= 200<br><= 400<br>> 400 og <= 500<br>> 500 | + 2% [2]<br>0<br>-5%<br>-18% [3] |
| **Líftala, Bactoscan**<br>1.000 einingar/ml | Einu sinni í viku. Einstök mæling gildir nema í flokk 1A, þar gildir beint meðaltal hvers mánaðar[4] | 1A<br>1<br>2<br>3<br>4 | <= 20<br><= 80<br>> 80 og <= 200<br>> 200 og <= 500<br>> 500 | + 2% [2]<br>0<br>-16%<br>-36%<br>-60% |
| **Lyfjaleifar** [5] | Að lágmarki einu sinni í mánuði | 1A<br>1<br>2 | Engar mælanlegar leifar<br>Engar mælanlegar leifar<br>Mælanlegar leifar | + 2% [2]<br>0<br>-60% |
| **Hitaþolin líftala** [6]<br>1.000 einingar/ml | Eftir þörfum | 1A<br>1 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br><= 5 | + 2% [2]<br>0 |
| **Kuldaþolin líftala** [6]<br>1.000 einingar/ml | Eftir þörfum | 1A<br>1 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br><= 25 | + 2% [2]<br>0 |
| **Líftala loftfælinna dvalargróa** [6] | Eftir þörfum | 1A<br>1 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Enginn vöxtur eftir 72 klst. | + 2% [2]<br>0 |
| **Lykt og bragð** [6] | Eftir þörfum | 1A<br>1 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Engin prufa með lyktar-/bragðgalla | + 2% [2]<br>0 |
| **Fríar fitusýrur** | Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar | 1 og 1A<br>2<br>3 | <= 0,900<br>> 0,900 og <= 1,600<br>> 1,600 | + 2% [2]<br>-5%<br>-15% |

1. Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.
2. Innvigtuð mjólk mánaðarins er A-mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.
3. 18% af lágmarksverði að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð, eða oftar, í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem á eftir koma í þriðja flokki, um 54%.
4. Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.
5. Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð, auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af lágmarksverði.
6. Þar sem þessar mælingar eru gerðar.